



Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar 2008-2009

Efni aðalfundar 15. apríl

Tillögur frá stjórn KJALAR

- Kosning fulltrúa á þing BSRB

Félagsskírteini fylgir blaðinu



Kjölfesta
Fréttabréf KJALAR stéttarfélags

Útgefandi:
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu
Ráðhústorgi 3
Pósthólf 75
602 Akureyri
Sími: 525 8383 Fax: 525 8393
kjolur@kjolur.is
www.kjolur.is

Ritnefnd:
Lára Ágústa Ólafsdóttir, ritstjóri
Margrét Ásgeirsdóttir
Sigurbjörg Haraldsdóttir

Forsíða:
Dalvíkurbyggð
Ljósma.: Bjarni Gunnarsson

Ábyrgðarmaður:
Arna Jakobína Björnsdóttir

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Starfsmenn skrifstofu KJALAR:
Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður
jakobina@kjolur.is
Margrét Árnadóttir, fulltrúi
margret@kjolur.is
Lára Gunnarsdóttir, fulltrúi
lara@kjolur.is

Stjórn KJALAR 2008 – 2011:
Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður
jakobina@kjolur.is
Guðbjörg Antonsdóttir, varaformaður
gudbjorga@gmail.com
Hulda Magnúsdóttir, ritari
hulda@fjallabyggd.is
Ingunn Jóhannesdóttir, gjaldkeri
ingunn28@simnet.is
Bára Garðarsdóttir, meðstjórnandi
bara@hhv.is
Sævar Herbertsson, meðstjórnandi
sherb@simnet.is
Kristín Sigurðardóttir, meðstjórnandi
kristins@akureyri.is
Ingvar Kristinsson, varamaður
ingvark@dalvik.is
Jórunn Guðsteinsdóttir, varamaður
jgudsteinsdottir@gmail.com

KJÖLUR

KJÖLUR varð til við sameiningu Félags opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, Starfsmannafélags Borgarbyggðar, Starfsmannafélags Dalvíkurbyggðar og Starfsmannafélags Siglufjarðarkaupstaðar þann 15. maí 2004. Hófst þá strax vinna við samræmingu á starfi og skipulagi félaganna, til að þeir kraftar sem sameinaðir voru nýttust til fulls. Þannig voru sjóðir félaganna sameinaðir, skrifstofuhaldi og annarri þjónustu var komið í eina einingu og hún látin þjónusta allt félagsvæðið, m.a. með heimasíðu. Trúnaðarmannafræðsla og annað innra starf var samræmt auk þess sem félagið starfar sem ein heild á opinberum vettvangi. Síðast en ekki síst hafa kjarasamningar verið samræmdir og starfa allir félagsmenn KJALAR undir sömu kjarasamningum þótt enn séu fáein sérákvæði í gildi. KJÖLUR verður því fimm ára þann 15. maí nk.

Hlutverk félagsins er:

- A. Að fara með umboð félagsmanna við gerð kjarasamninga og við aðrar sameiginlegar ákvarðanir félagsmanna.
- B. Að gæta réttinda og skyldna félagsmanna í öllu því sem varðar laun, önnur kjör og starfsréttindi hvers konar. Það kemur fram opinberlega fyrir hönd félagsmanna.
- C. Að starfa að öðrum þeim málum sem að mati stjórnar mega verða félagsmönnum til heilla og ánægju.
- D. Að efla samvinnu með öllum félagsmönnum og öðru launafólki.



Opinn dagur í Borgarbyggð á vegum atvinnu- og markaðsnefndar sem KJÖLUR tók þátt í. Frá vinstri, Hrefna, Jórunn, Arna Jakobína og Inga Birna.

Skýrsla stjórnar KJALAR 2008-2009

Aðalfundur KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu var haldinn þann 29. mars 2008 í sal á veitingastaðnum Friðriki V. að Kaupvangstræti 6 á Akureyri. Alls sóttu fundinn um fimmtíu manns og telst það bara þokkalegt á þessum árstíma. Á aðalfundinum var kosin ný stjórn til þriggja ára. Formaður var kjörinn Arna Jakobína Björnsdóttir og aðrir meðstjórnendur Bára Garðarsdóttir, FOSHÚN deild, Guðbjörg Antonsdóttir, Dalvíkurbyggðardeild, Hulda Magnúsdóttir, Siglufjarðardeild, Ingunn Jóhannesdóttir, Borgarfjarðardeild, Kristín Sigurðardóttir, STAK deild, Sævar Herbertsson STAK deild og varamenn þau Ingvar Kristinsson, Dalvíkurbyggðadeild og Jórunn Guðsteinsdóttir, Borgarfjarðardeild.

Stjórnin hóf vetrarstarfið með heimsókn í BSRB húsið. Heimsóttum við þar fyrst skrifstofu BSRB þar sem Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB og Ögmundur Jónasson formaður BSRB tóku á móti okkur og kynntu starfsemi skrifstofunnar og bandalagsins. Skrifstofa SFR var heimsótt og var starfssemi SFR kynnt í máli og myndum. Fræðsluatriði Starfsmennt er þarna einnig til húsa og fengum við góða kynningu á námsframboði setursins. Enduðum við síðan með því að funda með stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar en félagssvæði okkar liggja saman í Borgarfirðinum, þar sem Starfsmannafélag Akraness sameinaðist þeim fyrir skömmu. Ferðin tókst með afbrigðum vel og viljum við þakka kærlega fyrir móttökur starfsmanna í BSRB húsinu.

Stjórnin hefur haldið sjö fundi, þar af einn símafundur.

Fræðsluatriði Starfsmennt auglýsti eftir umsækjendum um Leonardo styrki til að fara erlendis í fimm daga og



Undirritun kjarasamninga við ríkið í maí 2008. Fv. Sigurbjörg, Guðrún og Jakobína.

kynna sér starfsmenntamál. KJÖLUR stéttarfélag í samvinnu við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv) og SFR stéttarfélag í almannaþjónustu sóttu um styrk til ferðar til Danmerkur og Finnlands. Í ferðina fóru Arna Jakobína Björnsdóttir formaður KJALAR, Jakobína Þórðardóttir frá St.Rv. og Jóhanna Þórdórsdóttir frá SFR. Heimsóttir voru skólar og fræðsluáðilar og fræðsludeildir stéttarféлага og heildarsamtaka í Finnlandi. Þau sem komu að skipulagningu og móttöku fá bestu þakkir fyrir. Þau eru m.a. Hulda B. Arnljótsdóttir hjá Starfsmennt fyrir að hvetja okkur til að fara og fyrir aðstoðina við að skipuleggja ferðina og Bent Hauballe Niebling sem aðstoðaði okkur við að komast í sambönd í Danmörku. Þá kunnum við Inka Ukkola hjá TJS bestu þakkir fyrir að skipuleggja vandaða dagskrá í Finnlandi og einnig Seija Moilanen hjá Pardia sem aðstoðaði við skipulagningu

dagskrárinnar í Finnlandi. Skýrsla er til um ferðina og verður hún auðfúslega afhent ef áhugi er fyrir því en hún hefur verið kynnt í stjórn Fræðslusetursins Starfsmenntar.

Skrifstofan og félagsmenn

Skrifstofa KJALAR er við Ráðhústorgið á Akureyri og er opin daglega frá 10:00 til 16:00 en vinnutími starfsmanna er sveigjanlegur frá 08:00 til 17:00. Kjarninn í daglegu starfi skrifstofunnar er leiðsögn og upplýsingaþjónusta til félagsmanna varðandi kjarasamninga og réttindamál, enda er það hlutverk skrifstofu KJALAR að gæta hagsmuna félagsmanna og standa vörð um réttindi þeirra. Skrifstofan sér um greiðslur úr Fræðslusjóði KJALAR og annast útleigu fyrir orlofssjóð á því sem hann hefur upp á að bjóða. Formaður félagsins, Arna Jakobína er í 100% starfi og auk hennar starfar Margrét Árnadóttir fulltrúi einnig í 100% starfi. Þann 15. febrúar sl. hóf störf á skrifstofunni Lára Gunnarsdóttir og mun hún starfa til 15. ágúst nk. Lára var á atvinnuleysissskrá og var gerður samningur við Vinnuálastofnun um að taka einstakling í starfsþjálfun í sex mánuði og varð Lára fyrir valinu. Lára hjálpar til við hin ýmsu störf, s.s. eins og að vinna við útgáfu fréttablaðanna og aðra útgáfu. Mikil vinna er nú á skrifstofu þar sem verið er að taka upp nýtt bókhaldskerfi sem á að auðvelda alla vinnu til framtíðar en er mikil vinna við að setja upp. Þetta er svonefnt DK kerfi og einnig er verið að taka upp orlofshúsakerfið Hannibal.

Skrifstofan hefur unnið að nokkrum málum vegna félagsmanna s.s.:



F.v. Ingunn, Þuríður, Sævar, Helga, Sæunn og Ólöf.



Kynningarfundur á Siglufirði um kjarasamning BSRB og ríkisins í maí 2008.

- * Borið saman vinnunótur og launaseðla félagsmanna.
- * Látið leiðrétta þar sem á vantaði persónuálag vegna starfsreynslu.
- * Komið að því að áminning sem búið var að veita félagsmanni var gerð ógild vegna galla á framsetningu.
- * Komið að gerð starfslokasamnings vegna langvarandi veikinda.
- * Gert athugasemdir fyrir hönd félagsmanna vegna uppsagna á stöðu þeirra.
- * Gert kröfu um biðlaunarétt þar sem staða var lögð niður.
- * Skoðað lífeyrisréttindi með félagsmönnum, sérstaklega þeirra sem eru í B-deild LSR og LSA vegna eftirmannsreglu og 95 ára reglu.

Þetta árið hefur gerð kjarasamninga sett svip sinn á starf skrifstofunnar þar sem búa þurfti út kjörgögn, fjölríta kjarasamningana og uppfæra þá á heimasíðuna, www.kjolur.is.

Rekstur félagsins

Samkvæmt bráðabirgða uppgjöri, þegar þetta er skrifað, þá voru tekjur félagssjóðs 26.500.000 kr. en gjöldin 25.300.000 kr. Eftir er að taka tillit til fjármagnsliða svo hagnaður félagssjóðs verður meiri. Félagssjóður er sá sjóður sem fjármagnaður er með einnar prósentu félagsgjaldi félagsmanns. Ekki gerum við ráð fyrir neinum breytingum á aðalfundi en þar er ákveðið félagsgjald ár hvert. Við bankahrunið varð félagssjóður ekki fyrir missi þar sem allar bankainnstæður eru á vaxtareikningum og bundnum reikningum.

Það sama má segja um vinnudeilusjóð, orlofssjóð, vísindasjóðina og mannaútsjóð, þar eru engin áhættu innlán. Fræðslusjóður KJALAR var sá eini sem átti inneign í peningamarkaðssjóði Glitnis, sem var u.þ.b. kr. 10.500.000 en aðrar eigur hans voru á vaxtareikningum.

Um áramótin voru 940 félagsmenn greiddur til félagsins, 645 konur og 295 karlar.

Fræðslumál

Félagið vill að möguleikar félagsmanna til náms endurspegli þarfir þeirra og að félagsmenn þekki almennt vel til þeirra kosta sem bjóðast. Sí- og endurmenntun á að vera almenn meðal félagsmanna. Félagið á að stuðla að því að menntunarmöguleikar bjóðist sem flestum. Allir félagsmenn eigi rétt til styrkja vegna náms. Gera þarf greiningu á þörfum félagsmanna varðandi fræðslumál. Kynna skal rétt til styrkja með markvissum hætti á heimasíðu og í annarri útgáfu á vegum félagsins.

Fræðslusjóður

Félagsmenn hafa verið duglegir að sækja sér þekkingu þetta árið því mikið hefur verið sótt í sjóðinn. Samþykktar voru 239 umsóknir á árinu en 6 var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki reglur sjóðsins. Alls voru greiddar kr. 9.084.376 í styrki og er því meðalstyrkur kr. 38.000 og hefur

lækkað frá árinu á undan þegar meðalstyrkur var kr. 44.500.

Hagnaður varð ekki af rekstri sjóðsins þetta árið heldur nam tapið 2.399.526 krónum og hrein eign hans í árslok 2007 nam samkvæmt efnahagsreikningi um 26,5 milljónum króna. Þar sem ársreikningur liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað þá á eftir að taka tillit til fjármagnstekna.


Námsstyrkir voru kr. 5.222.382 og ferðastyrkir vegna vinnustaðakynninga kr. 3.861.994.

Hámarksfjárhæð hefur því ekki hækkað og verður áfram kr. 120.000 á hverjum tveimur árum. Frá 1. janúar 2008 var ákveðið að styrkja lífsleikninámskeið án beinnar tengingar við starf um 50% af gjaldi, hámark kr. 10.000 árlega.

Í stjórn Fræðslusjóðsins eru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörg Antonsdóttir, Ingunn Jóhannesdóttir og Jörunn Guðsteinsdóttir.

Mannauðssjóður KJALAR - starfsmenn sveitarfélaga

Sjóðurinn sinnir markmiðum sínum á sviði símenntunar og mannaúts með því að veita styrki til: a) sveitarfélaga, stofnana og vinnuveitenda sem greiða í sjóðinn, b) KJALAR stéttarfélags og c) verkefna sem sjóðsstjórn skipuleggur eða á aðkomu að. Sjóðurinn tók til starfa í maí 2008 með því að úthluta til Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, vegna námskeiðs um hugmyndafræði Eden Alternative. Fleiri námskeið sem úthlutað hefur verið til úr sjóðnum eru t.d. Gæðastjórnunarnámskeið fyrir launafulltrúa Akureyrarbæjar, námskeið í skyndihjálpi hjá Norðurorku, skólaritara- og skrifstofunám í samvinnu Framvegis og Verslunarskóla Íslands, markviss



Skipting á styrkjum .



Námsdagur trúnaðarmanna um einelti á vinnustað 4. febrúar 2008.

þarfagreining fyrir starfsþróun hjá Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar og til námsstefnu Hjallastefnunnar, Gleði - fagmennska.

Ennfremur gerði stjórn sjóðsins samning við Fræðslusetrið Starfsmennt um aðgang félagsmanna að almennum námskeiðum á þeirra vegum. Rekstrartekjur fyrir árin 2007 og 2008 voru 9.600.000, alls voru greiddir út styrkir fyrir tæpar 2.000.000 og er því hagnaður sjóðsins eftir þessi tvö ár 8.300.000 kr.

Í stjórn sjóðsins eru: Fulltrúar KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og Guðbjörg Antonsdóttir, fulltrúar sveitarfélaganna Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir og Hermann Tómasson.

Stjórnin hefur haldið sex fundi. Haldnir eru fundir í janúar og september og oftast ef þurfa þykir.

Þróunar- og símenntunarsjóður - ríkisstarfsmenn

Markmið sjóðsins er að auka möguleika stofnana ríkisins á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma og efla símenntun félagsmanna. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að veita styrki til fræðsluverkefna á sviði símenntunar sem eru í samræmi við markmið hans til: a) ráðuneyta, stofnana og vinnuveitenda sem í sjóðinn greiða, b) hlutaeigandi stéttarfélag, c) verkefna sem sjóðsstjórn skipuleggur. Umsóknir skulu sendar stjórn sjóðsins þar sem fram kemur lýsing á því fræðsluverkefni sem sótt er um styrk til, skipulagi þess, efnisinntaki, áætlaðri framkvæmd, kostnaði, öðrum styrkjum og framlagi umsækjanda. Engar umsóknir bárust frá stofnunum félagsmanna KJALAR þetta árið en Fræðslusjóður

KJALAR fékk kr. 430.000 í styrk frá sjóðunum.

Stjórn sjóðsins: Fulltrúi KJALAR Arna Jakobína Björnsdóttir og með henni er Unnur Sigmarsdóttir Starfsmannafélagi Vestmannaeyja. Fulltrúar fjármálaráðherra Ásta Lára Leósdóttir og Ásgeir Ásgeirsson.

Vísindasjóður KJALAR v/tónlistarkennara

Vísindasjóðurinn er eingöngu fyrir tónlistarskólakennara og veitir styrki til þróunarstarfs, rannsókna, námsgagnagerðar ásamt því að veita styrki til launa vegna framhaldsnáms. Engir styrkir voru greiddir á árinu 2008. Sjóðurinn var því rekinn með verulegum hagnaði þetta árið eða kr. 1.050.000. Guðný Erla Guðmundsdóttir er fulltrúi tónlistarkennara í sjóðsstjórn.

Vísindasjóður KJALAR v/háskólamanna

Stjórnin úthlutar einu sinni á ári úr A – hluta og var hver styrkur fyrir 100% starf allt árið 2008 kr. 110.000. Alls sóttu 16 félagsmenn um styrk og var þeim öllum úthlutað miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hanna Rósa Sveinsdóttir er formaður sjóðsstjórnar og meðstjórnendur eru Lára Ágústa Ólafsdóttir og Arna Jakobína Björnsdóttir.



Fræðslusetrið Starfsmennt

Öll almenn námskeið Fræðslusetursins standa félagsmönnum til boða endurgjald-



Hörður og Pétur.



Frá undirskrift Mannauðssjóðs KJALAR og Fræðslusetursins Starfsmenntar. F.v. Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, Arna Jakobína og Árni Stefán Jónsson og Guðmundur H. Guðmundsson.

slaust. Fræðsluatriði gefur út myndarlega námsskrá á hverri önn þar sem kynnt er það sem í boði er á önninni. Heimasíða setursins er mjög fullkomin og er þar hægt að sækja um öll námskeið sem í boði er hverju sinni. Hver félagsmaður, sem einu sinni hefur farið þarna á námskeið, á sitt svæði og getur farið og skoðað stöðu sína á námskeiðum sem sótt hafa verið og náð þar í viðurkenningar síðar ef þarf. Slóðin er www.smennt.is

Orlofsmál

Orlofsmál eru stór þáttur í starfssemi félagsins og mun aðsókn að sumarhúsum innanlands trúlega verða mjög mikil í



Vaðlaborgir.

sumar. Félagið hefur reynt að búa sig undir það með því að reyna að útvega fleiri hús og þá helst á þeim stöðum þar sem við höfum ekki verið með hús áður. Ekki hefur það reynst eins auðvelt og ætla mætti þar sem ferðaskrifstofur voru á undan okkur og er mikil aukning hjá þeim á leigu-markaðnum. Sem er líka bara hið besta mál fyrir land og þjóð.

Miklar breytingar voru gerðar nú um áramótin á skipulagi orlofsbyggða BSRB og hefur KJÖLUR fengið til afnota og umráðarétt yfir allt árið, þrjú hús í Munaðarnesi og eitt hús að Eiðum.

Þá hefur félagið samið um gisti miða fyrir félagsmenn á Edduhótelin og Foss-hótelin á mjög góðu verði en bætir nú KEA hótélum í hópinn. Á síðasta ári buðum við til sölu 250 afsláttarmiða með Iceland Express og stendur til að endurtaka leikinn í ár en fjöldi miða verður ekki eins mikill. Ákveðið hafði verið að festa kaup á húsinu sem félagið hefur leigt í Vaðlaborgum ásamt lóð umhverfis það u.þ.b. 2500 fm., og var gengið frá kaupsamningi og afsali á kr. 30.000.000 þann 8. september 2008. Húsið nýtur mikilla vinsælda jafnt hjá Akureyringum sem og félögum annars staðar frá.

Nánari upplýsingar og ítarefni er að finna í sérstöku orlofsblaði sem kom út í byrjun mars og sent var til allra félagsmanna og jafnframt er allt um þetta efni að finna á www.kjolur.is.

Orlofsnefndina skipa: Auður Kinberg, Ólafur Sigurðsson, Ingunn Jóhannesdóttir, Lára Þorvaldsdóttir, Sævar Herbertsson og Pétur Ásgeirsson.

KJARAMÁL

Kjarasamningar við ríkið runnu út 30. apríl sl. Trúnaðarmenn ríkisins undirbjuggu kjarasamningagerð og endaði samningsgerðin með samvinnu allra BSRB félaganna. Var gerður samningur sem gildi frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009. Ljóst er að hefja þarf viðræður þó þær verði af allt öðrum toga heldur en stefnt var að fyrir ári síðan. Á almenna markaðnum varð samstaða um frestun á endurskoðun samninga, sem vera átti í febrúar sl. Í viðræðum sem voru hafnar milli allra aðila vinnu-markaðarins var verið að stefna að því að endurtaka þjóðarsátt og að allir aðilar kæmu að því borði.

Kjarasamningar vegna starfsmanna sveitarfélaga, Hjallastefnu, Dalbæjar, Norðurorku hf. og tónlistarkennara voru lausir 1. desember sl. Allir þessir samningar hækkuðu jafnt og hjá ríkinu þ.e. upphafshækkun kr. 20.300 nema Norðurorku hf., þar var upphafshækkunin kr. 21.000 og gildir samningur þeirra til 31. desember 2010. Samningurinn við launanefnd sveitarfélaga gildir til 31. ágúst 2009. Enn eru samningar vegna Hjallastefnu og Dalbæjar lausir þar sem engin formleg framlenging var gerð á kjarasamningum þeirra. Dvalarheimið Dalbær er með sína kjarasamningagerð hjá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Hjallastefnan tilheyrir núna Félagi sjálfstætt starfandi skóla en í



Formaðurinn á hrafnaflogi...?

Árið 2008	fjöldi húsa	Frá 14/5 til 19/9 2008.				
		Gistinætur í boði	Nýttar gistinætur			
Reykjavík	3	378	343	91	%	
Munaðanes hús 21, 36, 37,	3	378	269	71	%	
Lyngás	1	126	84	67	%	
Einarsstaðir	1	63	49	78	%	
Eiðar	1	126	77	61	%	
Súðavík	1	35	35	100	%	
Ásar	1	42	35	83	%	
Tröllagil 29	1	70	63	90	%	
Vaðlaborgir	1	126	115	91	%	
Danmörk	1	126	121	96	%	
Minni Borgir	1	63	63	100	%	
Rímatjörn Syðri -Reykir	1	77	71	92	%	
Alls:	16	1.610	1.325	82	%	Meðaltal

Þessi mynd sýnir nýtingu á sumarhúsum frá 14. maí til 19. september 2008.

gangi er endurskoðun á því hvar kjaraumhverfi þeirra skuli vera og hvar aðstoð við kjarasamningagerð er að hafa. Því hefur kjarasamningur Hjallastefnunnar ekki verið endurnýjaður en þó hafa almennar launahækkningar skilað sér til starfsmanna.

Nokkuð ljóst er að við erum komin inn í allt annað kjaraumhverfi heldur en við vorum í þegar samið var við ríkið í maí 2008. Uppsagnir á fólki og atvinnuleysi er það mesta sem við höfum séð í mörg ár. Nú er verið að segja upp fastri yfirvinnu og akstursgreiðslum og leggja niður störf eða starfabrot hjá ríki og bæ.

Félagsmenn KJALAR hafa verið á taxtalaunum og voru afar vansælir á þeim í „góðærinu“ og var mikið reynt að fá kjarabætur til jöfnunar við almenna markaðinn. En nú eru félagar okkar á almenna markaðnum að lækka talsvert í launum þar sem yfirborganir tíðkast síður núna enda er hægt að segja þeim upp með uppsagnarfresti. Svo illu heillu má segja að laun opinberra starfsmanna fari hvorki upp né niður þegar um er að ræða taxtalaun, eins og almennt tíðkast hjá okkar félagsmönnum.

Starfsmenn sveitarfélaga - starfsmat

Kjarasamningur starfsmanna sveitarfélaga við Launanevnd sveitarfélaga gerir ráð fyrir að störfum sé raðað innbyrðis með kerfisbundnu starfsmati þar sem hvert starf er vegið og metið. Í kjarasamningum hefur síðan verið samið um það hvernig niðurstaða úr starfsmatinu er notuð og tengd við launatöfluna. Innleiðing á nýju starfsmatskerfi hófst með kjarasamningum 2001 og má segja að nú í janúar 2009 hafi henni verið náð. Þúit er að meta öll störf og endurmeta þá sem höfðu óskað eftir því.

Markmiðið með starfsmati er að hlutlæg viðmið séu til grundvallar uppröðunar í störf og að einstaklingum sé ekki mismunað. Þannig á að tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg störf óháð því hver starfsmaðurinn er, hvers kyns hann er, hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir eða hvar á landinu hann er. Einnig á starfsmatið að gera forsendur launaákvæðana sýnilegr og gera rök fyrir launaákvæðunum skýrari. Lögð hefur verið áhersla á að með starfsmati sé ekki verið að meta hæfni eða frammistöðu starfsmanna. Starfsmatið á að meta störf, óháð því hvaða starfsmenn sinna þeim.

Starfsmatskerfið sem notast hefur verið við var hannað í Bretlandi þar sem það var notað til að meta störf í fjölmörgum sveitarfélögum. Kerfið þykir hafa reynst vel í Bretlandi og hefur það verið þýtt og lagað að íslenskum aðstæðum. Sú vinna hefur verið unnin af Launanevnd sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og stéttarfélögum. Arna



Kjörnefnd að telja atkvæði um kjarasamning við ríkið í maí sl.



Orlofsnefnd að úthluta sumarhúsum 2008. Áslaug, Margrét, Liv Gunnhildur og Auður.



Hanna Rósa fundarstjóri á aðalfundi 2008 lætur draga í happdrætti fundarins.

Jakobína á sæti í úrskurðarnefnd um starfsmat þar sem fulltrúar allra þessara aðila sitja.

Unnið er samkvæmt ferli sem tekur á endurmati þegar breytingar verða á störfum eða ný störf verða til.

ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGAMÁL

Fréttablöð

Þrjú tölublað af fréttabréfinu KJÖLFESTU voru gefin út á árinu 2008. Þar af var eitt tölublað eingöngu unnið fyrir orlofsnefnd þar sem kynnt var framboð nefndarinnar sumarið 2008. Eitt tölublað var svo til-einkað aðalfundi og tengdu efni. Haustblaðið kynnti möguleika félagsmanna til símenntunar og gildi hennar. Einnig var þar greint frá kosningu á nýjum trúnaðarmönnum og þeir kynntir.

Ritnefnd skipa núna: Lára Ágústa Ólafsdóttir ritstjóri, Margrét Ásgeirsdóttir og Sigurbjörg Haraldsdóttir.

Vinnutímabók

Félagið gaf út vinnutímabók eins og mörg undanfarin ár og nýtur hún alltaf jafnmikilla vinsælda. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemi félagsins og ábendingar um ýmis réttindi. Nýjum félögum er send bókinn þegar þeir koma á félagaskrá.

Heimasíðan www.kjolur.is nýtur alltaf meiri og meiri vinsælda hjá félagsmönnum og eru allar ábendingar um það sem betur mætti fara vel þagnar. Það má segja að heimasíðan sé skrifstofan sem opin er allan sólarhringinn. Þar er hægt að afla sér upplýsinga um kjara- og réttindamál og einnig má nálgast þar ýmis eyðublað. Á heimasíðunni er hægt að sækja um náms-



Vinningshafar á aðalfundinum 2008 Jórunn, Jóna, María og Ragna.

styrki og þar er líka að finna allar upplýsingar um orlofshús á vegum félagsins.

Unnið er að enn meiri sjálfvirkni í afgreiðslu á orlofsmöguleikum en á næstunni mun KJÖLUR taka upp nýtt tölvukerfi sem gengur undir nafninu Hannibal. Kerfið heldur utan um réttindi og forgangsröð félagsmanna við úthlutun orlofshúsa og geymir síðan réttindastöðu félagsmanna og sögu úthlutana. Stefnt er að því að opna kerfið félagsmönnum þegar sumarúthlutun er lokið og verður það auglýst síðar. Þessu kerfi eru gerð góð skil í ný útgefnu orlofsblaði sem dreift hefur verið til félagsmanna.

Trúnaðarmenn / trúnaðarmannaráð

Kjörtímabili trúnaðarmanna lauk í september sl. Kosid var til næstu tveggja ára og var endurnýjun þó nokkur í hópi trúnaðarmanna. Nokkrir trúnaðarmenn gáfu kost á sér áfram þar sem „þetta er svo skemmtilegt“ eins og einn orðaði það. Með félaginu starfa 38 trúnaðarmenn, 29 konur og 9 karlar.

Þjálfunarnámskeið var haldið 20. til 21. október sl. á Hótel Varmahlíð í Skagafirði. Á námskeiðinu var farið yfir starfsreglur trúnaðarmanna, hlutverk og stefnu KJALAR stéttarfélags, hlutverk og réttarstöðu trúnaðarmanns og starfsemi félagsins. Trúnaðarmenn unnu saman í hópum og styrktu þá um leið félagsandann enda nauðsynlegt að nota tækifærið að skapa samstöðu og samkennd félagsmanna. Ásdís Guðmundsdóttir leiðbeinandi kom og hélt erindi sem hún kallaði „Samskipti - árangursrík framkoma“.

Einnig voru aðaltrúnaðarmenn kosnir og hlutu eftirtaldir kosningu:

Þuríður Ketilsdóttir Borgarfjarðardeild, Jónína Jóhannesdóttir FOSHÚN-deild, Sigurbjörg Björnsdóttir Siglufjarðardeild,

Ingvar Páll Jóhannsson Dalvíkurbyggðardeild, Haraldur Tryggvason STAK deild bærinn, Filippía Ingólfssdóttir STAK deild ríkið, Sævar Herbertson STAK deild hf. fyrirtæki. Ennfremur tilnefndu bæjarstarfsmenn fólk í samninganefnd vegna komandi kjarasamninga hjá bæjarstarfsmönnum, sjá uppl. um nefndir og ráð KJALAR á öðrum stað í blaðinu.



Stjórnarmenn KJALAR á fundi í BSRB f.v. Guðbjörg, Bára, Kristín, Ingvar og Hulda.

Haldinn var fræðsludagur trúnaðarmanna 4. febrúar s.l. Þar kynnti Líney Árnadóttir forstöðumaður Vinnuálastofnunar á Norðurlandi vestra, atvinnuleysisbótaréttinn og vinnumarkaðsúrræði á vegum stofnunarinnar. Einnig var farið yfir stöðuna á vinnumarkaðnum, þróun atvinnuleysisbóta og atvinnuleysi.

Áfallasjóður KJALAR

Sjóðsstjórn metur í hverju tilvikum fyrir sig út frá félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum hvort og hve mikið hægt er að veita í styrki. Fyrir jólin 2008 voru styrkir veittir til Mæðrastyrksnefndar á Akureyri og Rauða kross deilda á Dalvík, Blönduósi og Siglufirði, jafnframt því sem einstaklingar voru styrktir í Borgarbyggð. Alls voru þetta um kr. 230.000. Þetta er ekki réttindasjóður þar sem félagmenn ávinna sérréttindi.

BSRB

Formaður KJALAR á sæti í stjórn BSRB ásamt öllum formönnum aðildarfélaganna. Alls hafa verið haldnir níu stjórnarfundir frá aðalfundi BSRB 17. nóvember 2007. Þar af var einn vinnufundur sem haldinn var í Krúnesi við Elliðavatn 22. febrúar sl. Leiðbeinandi var Hróbjartur Árnason. Tilgangurinn með vinnufundinum var m.a. sá að stjórnarmenn kynntust betur og að stjórnin stillti saman strengi fyrir komandi kjarasamninga. Á fundinum var rætt um hlutverk BSRB, hvaða þjónustu skrifstofa bandalagsins ætti að veita, jafnframt því sem leitað væri leiða til að gera starfsemi bandalagsins eins markvissa og kostur er og auka virkni stjórnar. Einnig var farið yfir vinnu tengda kjarasamningum og framtíð BSRB almennt. Áfram verður unnið úr afkrakstri

þessa fundar sem tókst vel. Viðfangsefni stjórnar hafa verið fjölbreytileg að venju en óhætt er segja að kjar- og samningamál hafi borið hæst á starfsárinu enda öll félög með lausa samninga á yfirstandandi ári. Var samningurinn í takt við samninga sem gerðir voru á almenna vinnu- markaðnum. Aðildarfélög BSRB ákváðu síðan að ganga til skammtímasamnings við ríkið undir merkjum bandalagsins sl. vor.

Miklar umræður hafa átt sér stað um efnahagsmál, bæði í tengslum við kjarasamninga og þá stöðu sem skapat hefur í þjóðfélaginu vegna fallandi gengis krónunnar og hárra vaxta. Stjórn og aðrar stofnanir BSRB hafa að sjálfsögðu ekki farið varhluta af þessu og lagt sitt af mörkum til umræðunnar. Dagana 5. og 6. október kom stjórnin saman þegar ljóst var orðið að bankakerfi landsins var að hrúni komið og stjórnvöld leituðu til íslensku lífeyrissjóðanna um neyðaraðstoð. Á þessum fundum upplýsti Ögmundur Jónasson formaður BSRB stjórnina um þróun mála en Ögmundur gegnir, auk þingmennsku, varaformennsku í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Af öðrum mál- efnunum sem hátt bar á undangengnu ári má nefna baráttu BSRB gegn sjúkratrygginga- frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Ýmsir gestir hafa komið á stjórnarfundum og flutt fróðleg erindi. Þar má m.a. nefna Kristínu Ástgeirsdóttur sem kynnti ný jafnréttis- lög á fundi í mars. Í apríl var svo kynnt niðurstaða úr kjarakönnun BSRB sem unnin var af Capacent Gallup. Í henni kom fram að kynbundinn launamunur á meðal félagsmanna aðildarfélaganna BSRB mældist 21%.

Þá kom BSRB að stofnun starfsend- urhæfingarsjóðs sem er að taka til starfa og er heimasíða hans www.virk.is.

Þá skýrði Ögmundur Jónasson formaður BSRB frá því á stjórnarfundum bandalagsins þann 30. janúar að hann óskaði eftir heimild stjórnar til að draga sig í hlé frá störfum fyrir BSRB fram yfir næstu alþingiskosningar þar sem hann tók sæti í ríkisstjórn sem heilbrigðisráðherra. Samþykktu stjórnarmenn það einum rómi og var honum óskað velfarnaðar í starfi sínu.

Fyrsti varaformaður BSRB er Árni Stefán Jónsson og Elín Björg Jónsdóttir er annar varaformaður. Þau munu verða í forsvari fyrir BSRB í fjarveru Ögmundar.

Á vef BSRB www.bsrb.is er að finna ársskýrslu bandalagsins og er þar öllum verkefnum BSRB gerð mjög greinargóð skil.

Styrktarsjóður BSRB

Styrktarsjóður BSRB hefur tekið yfir starfsemi Fjölskyldu- og styrktarsjóðs BHM, BSRB og KÍ (FOS) um greiðslur í fæðingarorlofi. Horfið hefur verið frá tekju- tengdum greiðslum til mæðra og þess í stað greiddir fæðingarstyrkir til foreldra. Styrkirnir eru jafnháir til karla og kvenna en hliðsjón höfð af starfshlutfalli. Greiðslan er kr. 170 þúsund krónur miðuð við 100% starf. Ráðningarsamningur verður að vera í gildi við upphaf fæðingarorlofs.

Aðalfundur styrktarsjóðs var haldinn í nóvember sl. en rekstur hans gengur þokkalega. Þetta árið voru ekki gerðar miklar breytingar frá árinu áður. Sjóðurinn hefur heimasíðu og er hún <http://styrktarsjodur.bsrb.is/> Skrifstofa sjóðsins er í BSRB húsinu að Grettisgötu 89. Guðbjörg Antonsdóttir varaformaður KJALAR á sæti í stjórn Styrktarsjóðs BSRB. Forstöðumaður sjóðanna er Ólafur Andrés- son, sími 525 8380

Lokaorð

Í þessari ársskýrslu stjórnar KJALAR 2008 – 2009 er ýmist miðað við almanaksárið eða starfsár stjórnar sem starfar á milli aðalfunda, það er frá 29. mars 2008 til 15. apríl 2009. Tölulegar upplýsingar úr bók- haldi og orlofsárið miðast við almanaks- árið, en upplýsingar um verkefni miðast við starfsár stjórnar.

Fjölmargir félagmenn, sem of langt yrði upp að telja, hafa komið að verki og eru þeim öllum færðar bestu þakkir.

Akureyri í mars 2009

Fyrir hönd stjórnar KJALAR
Arna Jakóbína Björnsdóttir,
formaður



Stjórnarfundur haldinn í sumarhúsinu Vaðlaborgum eftir kaupin á því.

Símanúmer KJALAR er 525 8383



Trúnaðarmenn í nefndum á vegum KJALAR

Vinnudeilusjóður

Stjórn og varamenn kosnir á aðalfundi 29. mars 2008 til næstu 3ja ára, 2011

Gjaldkeri sjálfkjörinn,	
Ingunn Jóhannesdóttir,	Borgarfjarðardeild
Vilborg Gautadóttir,	STAK deild
Jón Hansen,	STAK deild.
Til vara: Ingvar Páll Jóhannsson,	Dalvíkurbyggðardeild.

Endurskoðandi reikninga og skoðunarmenn

Kosnir á aðalfundi 29. mars 2008

til næstu 3ja ára, 2011.

Ragnar Jóhann Jónsson Lögg. endursk. Del. og Touche hf.	
Sigurbjörg Haraldsdóttir	STAK deild
Vilborg Gautadóttir	STAK deild
Halldóra Á. Heyden Gestsdóttir,	
varamaður	FOSHúndeild
Hörður Þór Hjálmarsson,	
varamaður	Siglufjarðardeild

Stjórn skipar þann 3. september 2008

til næstu 3ja ára, 2011

Í ritnefnd.

Lára Ágústa Ólafsdóttir, ritstjóri	STAK - deild
Sigurbjörg Haraldsdóttir	STAK - deild
Margrét Ásgeirsdóttir	Dalvíkurbyggðadeild

Fulltrúar í samstarfsnefnd Launanevnd sveitarfélaga

Arna Jakobína Björnsdóttir	formaður KJALAR
Kristín Sigurðardóttir	STAK - deild

Fulltrúar í samstarfsnefndum einstaka stofnana og sveitarfélaga

Við FSA

Arna Jakobína Björnsdóttir
Guðrún Siglaugsdóttir
Vilborg Gautadóttir

Við VMA

Arna Jakobína Björnsdóttir
Þorbjörg Jónasdóttir
Una Sigurliðadóttir

Kjaranefnd Akureyrarbæjar

Arna Jakobína Björnsdóttir
Kristín Sigurðardóttir

Fræðslusjóður

Stjórn skipar þann 3. september 2008

til næstu 3ja ára, 2011

Arna Jakobína Björnsdóttir,	formaður KJALAR
-----------------------------	-----------------

Guðbjörg Antonsdóttir,

meðstjórnandi

Dalvíkurbyggðardeild

Ingunn Jóhannesdóttir,

meðstjórnandi

Borgarfjarðardeild

Hulda Magnúsdóttir,

meðstjórnandi

Siglufjarðardeild

Bára Garðarsdóttir, varamaður

FOSHÚN deild

Fulltrúi í stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs

Arna Jakobína Björnsdóttir,	formaður KJALAR
-----------------------------	-----------------

Kjörstjórn og varamenn kosnir á aðalfundi 29. mars 2008

til næstu 3ja ára, 2011

Guðrún Hrönn Tómasdóttir	Dalvíkurbyggðardeild
Hanna Rósa Sveinsdóttir	STAK deild
Regína Þorbjörg Reginsdóttir	STAK deild
Baldur Tómasson, varamaður	Borgarfjarðardeild

Orlofsnefnd

Stjórn skipar þann 3. september 2008 til næstu 3ja ára, 2011

Auður I Kinberg	Dalvíkurbyggðardeild
Pétur Ásgeirsson	STAK deild
Ólafur Sigurðsson	Borgarfjarðardeild
Ingunn Jóhannesdóttir	Borgarfjarðardeild
Lára Þorvaldsdóttir	STAK deild
Sævar Herbertsson	STAK deild

Í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar, þannig skipað af stjórn 12. maí 2006 til fjögurra ára.

Arna Jakobína Björnsdóttir,	formaður KJALAR
Hanna Rósa Sveinsdóttir,	STAK deild
Regína Þorbjörg Reginsdóttir,	STAK deild, varamaður
Kristín Sigurðardóttir,	STAK deild varamaður.

Samninganefnd við ríkið er þannig skipað:

Arna Jakobína Björnsdóttir,	formaður
Arnór Þorgeirsson	FSA
Guðrún Siglaugsdóttir	FSA
Sigurbjörg Björnsdóttir	Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar
Sigurbjörg Haraldsdóttir	Heilsugæslustöðinni á Akureyri

Varamaður:

Sólveig Hallgrímsdóttir	FSA
-------------------------	-----

Samninganefnd vegna starfsmanna sveitarfélaga:

Arna Jakobína Björnsdóttir,	formaður
Kristín Sigurðardóttir	
Inga Birna Tryggvadóttir	
Þuríður Ketilsdóttir	
Jórunn Guðsteinsdóttir	

Tillögur stjórnar KJALAR

Stjórn KJALAR ákvað á fundi sínum 13. mars 2009 að leggja eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund til samþykktar.

Tillögur

1. Tillaga um félagsgjöld:

Stjórn KJALAR leggur til að félagsgjöld verði óbreytt frá því sem nú er þ.e.a.s. 1% af öllum launum.

2. Tillaga um gjald í vinnudeilusjóð:

Stjórn KJALAR leggur til að gjald í Vinnudeilusjóð verði 3% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB.

3. Tillaga um gjald í áfallasjóð:

Stjórn KJALAR leggur til að gjald í áfallasjóð verði 0,5% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB.

4. Tillaga um framlag úr orlofssjóði:

Stjórn KJALAR leggur til að orlofssjóður greiði 10% af orlofssjóðsgjöldum, að frádregnum gjöldum til BSRB, til að mæta kostnaði af rekstri sjóðsins

5. Tillaga um félagsgjald starfsmanna sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Stjórn KJALAR leggur til að þeir embættismenn sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og eru án kjarasamnings, fái aðild að félaginu. Félagsgjald verði 2,11% sem skiptist í alla sjóði félagsins eftir ákvæðum þeirra þar um.

6. Tillögur stjórnar um kjör fulltrúa á 42. þing BSRB 21., 22. og 23. október 2009.

Aðalfulltrúar:

Arna Jakobína Björnsdóttir
Bára Garðarsdóttir
Guðbjörg Antonsdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Ingunn Jóhannesdóttir
Hulda Magnúsdóttir
Sævar Herbertsson
Haraldur Tryggvason
Guðrún Siglaugsdóttir
Filippía Ingólfssdóttir

1. varamaður, Jörunn Guðsteinsdóttir
2. varamaður, Lára Ágústa Ólafsdóttir
3. varamaður, Auður Kinberg
4. varamaður, Þorbjörg Jónasdóttir
5. varamaður, Margrét Ásgeirsdóttir
6. varamaður, Inga B. Tryggvadóttir
7. varamaður, Jónína Jóhannesdóttir
8. varamaður, Sigurbjörg Björnsdóttir
9. varamaður, Þuríður Ketilsdóttir
10. varamaður, Ingvar Kristinsson



Undirskrift kjarasamninga við Launanefnd sveitarfélags í nív. sl. Jörunn, Kristín og Arna Jakobína.



Trúnaðarmenn í hádegismat á fræðsludegi 4. febrúar 2009 að Gauksmýri.



Aðalfundur KJALAR

verður haldinn 15. apríl 2009

að Pórsstíg 4 (SÍMEY) og verður fundurinn milli kl. 20.00-21.00

Fundinum verður fjarfundað til:

Borgarness - Salur Menntaskóla Borgarfjarðar

Dalvíkur - Námsver, Gamla skóla, Skíðabraut 12

Hvammstanga - Höfðabraut 6, fjarnámsstofa

Siglufjarðar - Ráðhúsið

Skagastrandar - Mánabraut 3

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Skipaður fundarstjóri og fundarritari.
3. Skýrsla stjórnar frá síðastliðnu ári.
4. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
 - a. Félagssjóður - umræður – afgreiðsla.
 - b. Orlofssjóður – umræður – afgreiðsla.
 - c. Vinnudeilusjóður – umræður – afgreiðsla.
 - d. Fræðslusjóður – umræður – afgreiðsla.
5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
6. Kosning fulltrúa á 42. þing BSRB
7. Samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs.
8. Önnur mál

Kaffiveitingar

Akureyri í mars 2009

Stjórn KJALAR

www.kjolur.is